

Ársskýrsla Bókmennta- og listfræðastofnunar 2019

*Skýrslan og rekstrarreikningur send með tölvupósti
og ný stjórn kosin með rafrænni kosningu í maí 2020
en ársfundi frestað til hausts vegna farsóttarinnar*

1. Rekstrarreikningur ársins (er í sér skjali)

Í árslok 2018 var heildarstaða stofnunarinnar -1.878.860 kr. Í árslok 2019 hafði hallinn minnkað og var þá orðinn -838.830 kr. Fjárveiting ársins 2020 verður á bilinu 800.000–1.000.000 kr. og rekstur stofnunarinnar er því að komast í jafnvægi eftir nokkurra ára halla.

2. Útgáfumál

Eins og fram hefur komið á undanförunum ársfundum hefur fjárhagsstaðan verið þannig að stofnunin hefur ekki getað staðið í kostnaðarsamri útgáfu. Samkvæmt ályktun stjórnar Hugvísindastofnunar 12. desember 2017 er rannsóknastofnunum á Hugvísindasviði ekki heimilt að stofna til skuldbindinga umfram fjárhagsgetu. Eina ritið sem kom út á vegum stofnunarinnar 2019 var þýðing Arngríms lærða Jónssonar á *Eintali sálarinnar við sjálfa sig* eftir Martin Moller (kom fyrst út á Hólum 1599) eins og samþykkt var á ársfundinum 2019. Þórunn Sigurðardóttir bjó *Eintalið* til prentunar en undirritaður ritstýrði og var það stofnuninni að kostnaðarlausu (heildarkostnaður við útgáfuna var 717.955 kr. og var hann greiddur með styrk úr Kristnihátíðarsjóði sem fór beint inn á reikning bókarinnar hjá Háskólaútgáfunni og upphæðin birtist því ekki á rekstrarreikningi stofnunarinnar). Bókin *Tvímæli: Þýðingar og bókmenntir* eftir Ástráð Eysteinson seldist upp á sínum tíma (hún kom út 1996) og var ákveðið að endurprenta hana 2019 enda er hún reglulega notuð í kennslu og því mikil eftirspurn eftir henni (kostnaður við endurprentun var 37.760 kr.). Stofnunin styrkti útgáfu ritlistarnema á frumsömdum skáldskap eins og undanfarin ár (50.000 kr. styrkur en annars ber stofnunin ekki fjárhagslega ábyrgð á útgáfunni).

Fyrir lágu samningar fyrri stjórnar um útgáfu á doktorsritgerð Þrastar Helgasonar, meistararitgerð Gunnars Þorra Péturssonar og ritgerðasafni um sálgreiningu í ritstjórn Benedikts Hjartarsonar o.fl. Miðstöð íslenskra bókmennta styrkti ritgerð Þrastar um 270 þús. kr., ritgerð Gunnars Þorra um 270 þús. kr. og ritgerðasafn um sálgreiningu um 300 þús. kr. Þegar núverandi stjórn tók við árið 2017 var ritgerð Þrastar komin í ferli og umtalsverður kostnaður fallinn á hana í reikningshaldi Háskólaútgáfunnar. Enginn kostnaður var hins vegar fallinn á hin verkin hjá Háskólaútgáfunni og því hefur verið reynt að beina þeim í annan farveg í ljósi erfiðrar fjárhagsstöðu stofnunarinnar. Árið 2019 tókust samningar um að sálgreiningin yrði gerð að þema 1. heftis *Ritsins* 2021 og að þar yrði birt efni sem upphaflega átti að vera í ritgerðasafninu. Vegna kostnaðar sem fellur á Hugvísindastofnun vegna þessarar breytingar var samið um að árlegur 220 þús. kr. styrkur vegna bókaútgáfu til félaga í Bókmennta- og listfræðastofnun félli niður árið 2020. Úr því að greinasafnið kemur ekki út þurfti stofnunin að endurgreiða styrkinn frá Miðstöð íslenskra bókmennta (300 þús. kr.). Óvíst er um útgáfu á verki Gunnars Þorra en eftir ritrýningu fyrir nokkrum árum hefur handritið legið hjá höfundi og á meðan hefur

útgáfustyrkurinn runnið út. Aftur á móti kemur doktorsritgerð Þrastar út vorið 2020 enda fékkst framlenging til 1. júní á útgáfustyrknum. Reynt hefur verið að halda kostnaði við bókina í algjöru lágmarki og stefnir í að hún verði eina ritið sem kemur út á vegum stofnunarinnar 2020.

Í tíð núverandi stjórnar 2017–2020 hefur ekki verið stofnað til fjárhagsskuldbindinga vegna bókaútgáfu þó að ýmis tilboð hafi borist frá aðilum innan og utan stofnunarinnar. Á þeim tíma sem liðinn er frá síðasta ársfundi hefur Dagný Kristjánsdóttir óskað útgáfu á fræðiriti sínu um læknahugvísindi og Auður Aðalsteinsdóttir á doktorsritgerð sinni um bókmenntagagnrýni. Dagný ákvað svo að snúa sér til annars útgefanda og málin þróuðust líka þannig hjá Auði að bókaútgáfan Sæmundur tók doktorsritgerðina til útgáfu og fékk útgáfustyrk frá Miðstöð íslenskra bókmennta. Auður fer samt fram á að á ársfundi verði tekin afstaða til þess hvort stofnunin komi að útgáfunni og vísar til þess að Þröstur hafi fengið stuðning við útgáfu á doktorsritgerð sinni. Ljóst er að ræða þarf útgáfumálin og marka skýra framtíðarstefnu um þau á ársfundi í haust. Á tímum farsóttar er erfitt að fá traustar upplýsingar um fjárhagsstöðu útgáfurita stofnunarinnar hjá Háskólaútgáfunni en eftir því sem næst verður komist er ekki um að ræða skuld þar vegna eldri bóka. Hins vegar á eftir að koma kostnaður vegna bókar Þrastar sem er í vinnslu en það skýrist betur fyrir fundinn í haust.

3. Ráðstefnur og heimasíður

Stofnunin stóð ásamt RIKK og Árnastofnun að málþingi til heiðurs Helgu Kress 30. nóvember 2019 en hún varð áttæð á árinu (málþingið var styrkt af Hugvísindastofnun). Stofnunin helgaði henni líka heimasíðu eins og gert var í tilefni af sjötugsafmæli Dagnýjar Kristjánsdóttur fyrir á árinu. Jóni Karli Helgasyni eru færðar þakkir fyrir vinnu við þessar heimasíður. Þær eru vistaðar hjá stofnuninni (boklist.hi.is) og vonir standa til þess að hægt verði að gera sambærilegar síður fyrir aðra emeriti. Árið 2019 hóf stofnunin auk þess vinnu við tvær ráðstefnur sem átti að halda vorið 2020 en hefur verið frestað fram á haust vegna farsóttarinnar. Annars vegar er um að ræða ráðstefnu í tilefni af því að 80 ár eru liðin frá hernámi Íslands 10. maí 1940 og verður hún haldin í samstarfi við Sagnfræðistofnun. Hins vegar verður haldin ráðstefna um Grím Thomsen í tilefni af því að tvær aldir eru liðnar frá fæðingu hans 15. maí 1820 (styrkt af Hugvísindastofnun).

4. Stjórnarkjör

Núverandi stjórn – Sveinn Yngvi Egilsson, Sif Ríkharðsdóttir og Ingibjörg Þórisdóttir – situr til 1. júlí 2020. Kjör stjórnar til næstu þriggja ára fór fram með rafrænum hætti 7. maí 2020 og var Sif Ríkharðsdóttir kjörin formaður, Rúnar Helgi Vignisson varaformaður og Ingibjörg Þórisdóttir, sem tilnefnd var af Hugdok, er fulltrúi doktorsnema. Fráfarandi formaður þakkar Sif og Ingibjörgu fyrir samstarfið og óskar nýju stjórninni velfarnaðar í starfi.

*Háskóla Íslands, 7. maí 2020
Sveinn Yngvi Egilsson*